

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 19. mars 2020

2003023SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, mál nr. 65/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 6. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til breytinga á lögum nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Almennt

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 1. gr. laganna sem skilgreinir markmið og hlutverk sjóðsins. Með breytingunum er verið að endurskilgreina hlutverk laganna og miða þær að því að lögín endurspeglí stefnu stjórnvalda sem birtist m.a. í *Framtíðarsýn og leiðarljósi ferðaþjónustunnar til 2030*. Þar kemur fram sú sýn að íslensk ferðaþjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun byggt á þremur meginstoðum, þ.e. efnahagslegu jafnvægi, samfélagslegu jafnvægi og umhverfislegu jafnvægi, og að ferðaþjónustan verði arðsöm og samkeppnishæf í sátt við land og þjóð.

Nánar tiltekið felast breytingarnar í því að endurskilgreina gildissvið laganna þannig að það nái jafnframt til markmiða um að stuðla að jafnri dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun á vegum sveitarfélaga og einkaaðila. Auk þess er lögð til breyting sem miðar að því að sjóðnum sé heimilt að veiti styrki til framkvæmda við ferðamannaleiðir og er það til samræmis við ákvæði laga nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Þá eru lagðar til breytingar til að skýra betur hvaða framkvæmdir heimilt er að fjármagna með fé úr sjóðnum.

Með frumvarpinu er einnig tekinn af allur vafi um það að framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum séu ekki styrkhæfar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Er breytingunni ætlað að skýra gildissvið milli laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum þannig er gert ráð fyrir að helstu ferðamannastaðir landsins sem eru í opinberri eigu ríkis og sveitarfélaga og þarfnast kostnaðarsamrar uppbyggingar séu á landsáætlun en fyrir aðra minni ferðamannastaði í eigu eða umsjón sveitarfélaga kunni Framkvæmdasjóður ferðamannastaða að vera betri kostur.


Afstaða sambandsins

Samkvæmt stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2018-2022 er lögð áhersla á að sambandið beiti sér fyrir því að ríki, sveitarfélög, landeigendur og ferðaþjónustan vinni saman að því að draga úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð ferðamanna á viðkvæma staði í íslenskri náttúru. Áhersla verði lögð á nauðsynlega uppbyggingu á ferðamannastöðum og að umferð ferðamanna verði beint á landsvæði sem þola aukna umferð. Jafnframt verði lögð áhersla á að vegum og öðrum innviðum verði viðhaldið til að þeir þoli þá auknu umferð sem leiðir af fjölgun ferðamanna.

Umræddar breytingar eru í samræmi við áherslur sambandsins hvað varðar uppbyggingu á ferðamannastöðum og styður sambandið því þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Jafnframt er það álit sambandsins að fyrirhugaðar lagabreytingar festi Framkvæmdasjóð ferðamannastaða í sessi, sem er mikilvægt nú þegar horfur í ferðaþjónustu eru neikvæðari en nokkru sinni fyrr.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs